

EFNISYFIRLIT

1. Inngangur.....	2
2. Grundvallarreglur að baki samningum um skilnaðarkjör á milli hjóna.....	2
2.1 Um samkomulag og samningsfrelsi	2
2.2 Um skuldbindingargildi samninga	7
3. Samninga um fjárskipti vegna skilnaðar er hægt að ógilda.....	8
3.1 Ógilding á grundvelli hjúskaparlaga	8
3.2 Ógilding á grundvelli samningalaga	9
4. Ákvæði 1. mgr. 95. gr. hjúskaparlaga nr. 31/1993.....	11
4.1 Formkröfur samningsgerðar	11
5. Ákvæði 2. mgr. 95. gr. hjúskaparlaga nr. 31/1993.....	14
5.1 Yfirlit um forsögu ákvæðis	14
5.2 Vísireglur.....	15
5.3 Forsendur ákvæðis fyrir ógildingu	15
5.4 Verðmæti og verðgildismat eigna	16
5.5 Efni og aðdragandi samningsgerðar	18
5.6 Hegðun eftir samningsgerð	20
6. Málshöfðunarfrestur og meðferð mála fyrir dómi.....	21
6.1 Málshöfðunarfrestur	21
6.2 Málsástæður ógildingar fyrir dómi.....	21
6.3 Sönnun og sönnunarbyrði.....	23
7. Norrænn réttur	24
7.1 Samanburður við íslenskan rétt	24
8. Lokaorð	26
Heimildaskrá	27
Dómaskrá	28

1. Inngangur

Samkvæmt 2. mgr. 95. gr. hjúskaparlaga nr. 31/1993 gildir sú sérregla að ógilda megi fjárskiptasamninga vegna skilnaðar. Þau skilyrði sem ákvæðið setur svo að samningur geti talist ógildur er að hann sé bersýnilega ósanngjarn á þeim tíma er til hans var stofnað. Í lögum er þessum skilyrðum ekki gerð nánari skil. Löggjafinn hefur á hinn bóginn sett skýr skilyrði fyrir því hvernær fjárskiptasamningar á milli hjóna skulu gerðir og hvert form þeirra skuli vera. Meginmarkmið með þessari ritgerð er þess vegna að athuga með heildstæðum hætti hvenær aðstæður geta talist þannig að samningur sé ógiltur á grundvelli sérreglu hjúskaparlaga nr. 31/1993 og til hvaða viðmiða Hæstiréttur lítur til að skera úr um hvort ástæða þykir að ógilda fjárskiptasamning vegna skilnaðar. Til að þessu markmiði verði náð er nauðsynlegt að kanna dóma Hæstaréttar og rýna í til hvaða grundvallaratriða dómstólar horfa til um úrlausn þessa álitaefnis. Það ber að taka fram í upphafi að höfundur þessarar ritgerðar hefur skoðað fjölmarga dóma sem gengið hafa um fjárskiptasamninga vegna skilnaðar en aðeins hluti þeirra verður tekinn til umfjöllunar í þessari ritgerð. Hér er því ekki um tæmandi upptalningu dóma að ræða er varða ógildingu fjárskiptasamninga vegna skilnaðar.

Fyrst verður fjallað almennt um þær grundvallarreglur sem gilda um samninga hjóna um skilnaðarkjör og gerð grein fyrir þeim skilnaðarskilmálum sem löggjafinn áskilur að liggi fyrir áður en leyfi til skilnaðar að borði og sæng er veitt. Því næst tekur við meginumfjöllun ritgerðarinnar um sérreglu hjúskaparlaga um ógildingu en auk hennar hefur 36. gr. laga nr. 7/1936 um sammingsgerð, umboð og ógilda löggerninga verið beitt þegar þess er freistað fyrir dómi að ógilda fjárskiptasamning vegna skilnaðar. Að svo búnu verður fjallað um málshöfðunarfræst og málsmeðferð ógildingarmála fyrir dómi og að lokum gerð stutt grein fyrir íslenskum rétti í samanburði við norrænan rétt.

2. Grundvallarreglur að baki samningum um skilnaðarkjör á milli hjóna

2.1 Um samkomulag og sammingsfrælsi

Um skipan mála hjóna í milli hvetur löggjöfin mjög til þess að leitað sé eftir samkomulagi hjóna og má sjá merki þess á víð og dreif í hjúskaparlögum nr. 31/1993.¹

¹ Hér eftir skammstafað hjl.

Í fyrsta lagi er lögð áhersla á það grunnsjónarmið í norrænum sifjarétti að hjúskapur er frjálst samkomulag tveggja einstaklinga² um þetta mikilvæga lífssamband og einstaklingum er frjálst að stofna til hjúskapar þegar þeir hafa náð 18 ára aldri, sbr. 7. gr. hjl.³

Í öðru lagi er gert ráð fyrir að meðan á hjúskap stendur sé báðum hjónum jafnskylt að leggja sitt af mörkum til framfærslu fjölskyldunnar enda beri þau sameiginlega ábyrgð á hagsmunum heimilisins. Í ákvæðum hjl. sem gilda um gagnkvæma framfærsluskyldu⁴ er talað um að hjón eigi að: „styðja hvort annað“, „hjálpast að“ og „gæta sameiginlega að hagsmunum heimilis og fjölskyldu.“ Samkvæmt orðalagi ákvæðanna er ljóst að skyldum hjóna til gagnkvæmrar framfærslu og sameiginlegrar ábyrgðar verður ekki skipað eftir ákveðnum reglum heldur í samræmi við samkomulag hjóna um einstök atriði.⁵

Um lok hjúskapar gilda einnig ákvæði sem taka mið af samkomulagi hjóna og er íslensk skilnaðarlöggjöf reist á því sjónarmiði að samkomulag hjóna geti leitt til skilnaðar að borði og sæng⁶. Ákvæði 33. gr. hjl. hljóðar þannig: „Nú eru hjón sammála um að leita skilnaðar að borði og sæng og ber þá að veita þeim leyfi til slíks skilnaðar.“ Í athugasemdum með frumvarpi því sem varð að hjl. er talað um *samkomulagsreglu* sem kemur til vegna þess, að talið er að samkomulag hjóna sé án efa farsælasti grundvöllur þeirra margvíslegu málefna sem ráða þarf fram úr ef hjón skilja⁷ og tekur þessi skipan mála tillit til vilja hjónanna sjálfra, sbr. einnig svokallaða *viljareglu* en með henni er átt við að nóg er að annað hjóna krefjist skilnaðar án þess að gefa upp ástæðu, sbr. 34. gr. hjl.⁸ Að lokum má nefna að um lögskilnað gildir nú ný málsmeðferð sem tekur mið af samkomulagi hjóna, en hjónum gefst nú kostur á að sækja um lögskilnað skriflega til sýslumanns í stað þess að mæta á skrifstofu hans til viðtals. Þessi

² Alþt. 1992, A-deild, bls. 28 sbr. og 1. gr. laga nr. 65/2010 um breytingar á hjúskaparlögum og fleiri lögum um brottfall laga um staðfesta samvist (ein hjúskaparlög). 1. gr. hljóðar þannig: „Í stað orðanna „karls og konu“ í 1. gr. laganna kemur: tveggja einstaklinga“.

³ Sjá einnig 12. gr. Samnings um verndun mannréttinda og mannfrelsis (Mannréttindasáttmáli Evrópu) sem verndar réttinn til stofnunar hjúskapar sem mikilvæg mannréttindi.

⁴ Meginákvæði um gagnkvæma framfærsluskyldu hjóna meðan á hjúskap stendur, eru 2., 3., og 46.-50. gr. hjl.

⁵ Ármann Snævarr: *Hjúskapar- og sambúðarréttur*, bls. 340 og 352.

⁶ Innan norræns lagasamstarfs hafa verið skiptar skoðanir um hvort samkomulag hjóna ætti jafnvel að vera grundvöllur að umsvifalausum lögskilnaði en talið er að vegna hins mikla tilfinningaróts sem oft ríkir í tengslum við skilnað beri að fara varfærnislega í það að rýmka núgildandi *samkomulagsreglu* með þeim hætti. Í Danmörku og Noregi er þesum málum skipað með sama hætti og hér á landi. Alþt. 1992, A-deild, bls. 55.

⁷ Alþt. 1992, A-deild, bls. 52.

⁸ Lára V. Júlíusdóttir: *Hjúskapur, stofnun og slit, réttindi og skyldur*, bls. 45.

málsmeðferð kemur aðeins til greina í þeim málum þegar hjón eru sammála um að leita lögskilnaðar í kjölfar skilnaðar að borði og sæng.⁹

Löggjafinn mælir fyrir um viss skilyrði sem hjón verða að uppfylla svo að samkomulag þeirra um skilnað að borði og sæng geti talist hafa réttaráhrif að lögum. Í 35. gr. hjl. er mælt svo fyrir að hjónum beri að slíta samvistir og eigi taka upp sambúð aftur nema um sé að ræða skammvinna tilraun til að hefja hana að nýju.¹⁰ Enn fremur setur löggjafinn það skilyrði að hjón komist að samkomulagi um skilnaðarkjör áður en leyfi til skilnaðar að borði og sæng er gefið út. Með skilnaðarkjörum er átt við skipan forsjár barna, meðlag, framfærslueyri með maka og aðra skilnaðarskilmála, þ. á m. fjárskipti, sbr. 1. mgr. 43. og 1. mgr. 44. gr. hjl. Með þessum hætti er talið að hjón fái nokkurt innsæi í það sem í vændum er; þetta er nokkurs konar reynslutímabil, sem þó fylgir slík alvara að þeim er gert að staðfesta samkomulag sitt fyrir sýslumanni eða dómara.¹¹ Í athugasemdum með frumvarpi því sem varð að hjl. nr. 31/1993 er vísað til þess að umleitun skilnaðarkjara hjá sýslumanni gegni verulegu hlutverki; að reyna að koma á samkomulagi og einnig að athuga hvort hallað sé á ósanngjarnan hátt á annað hjóna í skilnaðarkjörum og ef svo er að vekja athygli á því.¹²

Um skipan mála um forsjá barna og meðlag ber að gæta að ákvæðum barnalaga nr. 76/2003, um framfærslueyri með börnum¹³ og um framfærslueyri með maka skal hafa hliðsjón af ákvæðum VII. kafla hjl., sbr. 44. gr. hjl. Ef hjón hafa ekki komið sér saman um þessa skilnaðarskilmála verður skilnaðarleyfi ekki veitt fyrr en fyrir liggur úrskurður sýslumanns um meðlag barna og framfærslu með maka.¹⁴ Ekki þykir hins vegar ástæða til að fresta úrlausn um skilnaðarkröfu þótt foreldrar deili um forsjá, sbr. 2. mgr. 44 gr. hjl. en að sjálfsgöðu er á því byggt að ágreiningur um forsjá sé til meðferðar hjá lögmeðlögum yfirvöldum í samræmi við ákvæði

⁹ Vefsíða Dómsmála- og mannréttindaráðuneytisins, <http://www.domsmalaraduneyti.is/starfssvid/hjuskapur/>.

¹⁰ Ákvæði 35. gr. hjl. felur í sér býsna stranga kröfu til samvistarslita. Í *Hrd. 16. október 2008 (46/2008)* deildu málsaðilar um það hvort réttaráhrif skilnaðar að borði og sæng hefðu fallið niður þar sem aðilar hefðu tekið aftur upp sambúð eftir leyfisveitingu um skilnað að borði og sæng. Í niðurstöðu héraðsdóms, sem staðfestur var með dómi Hæstaréttar með vísan til forsendna, var talið að hin endurnýjaða sambúð aðila til rúmlega þriggja og hálf mánaða hefði verið lengri en svo að talist gæti til skammvinnrar tilraunar til að endurvekja samvistir þeirra.

¹¹ Við lok hjúskapar reyna lögin að ýta undir viðhorfið „að fara með gát“ og sjást ummerki þessa viðhorfs í úrræðinu um skilnað að borði og sæng, sbr. 43. gr. hjl. Ármann Snævarr: *Hjúskapar- og sambúðarréttur*, bls. 635.

¹² Alþt. 1992, A-deild, bls. 61.

¹³ Ármann Snævarr: *Hjúskapar- og sambúðarréttur*, bls. 677.

¹⁴ Vefsíða Sýslumannsins í Reykjavík, <http://syslumadur.is/leidbeiningar/skilnadur/>, sbr. og reglugerð nr. 230/1992 um stjórnsýslumeðferð hjúskaparmála, 15.gr.

barnalaga.¹⁵ Hafi sýslumaður samtímis til meðferðar tvö eða fleiri ágreiningsmál milli sömu hjóna, skal leysa sjálfstætt úr hverju ágreiningsmáli fyrir sig.¹⁶

Hér verða þáttaskil í umfjöllun minni um skilnaðarkjör því það er ekki ætlun mín í þessari ritgerð að fjalla nánar um samkomulag hjóna um forsjá barna og framfærslueyri með börnum og maka nema að því leyti sem þau kunna að koma til umfjöllunar í dómum Hæstaréttar um úrlausn ógildingarmála. Við gerð fjárskiptasamnings koma vissulega til álita mál er varða meðlög barna og framfærslu maka á skilnaðartíma enda geta þessi málefni oft verið í reynd undirstöðuatriði skilnaðarkjara í heild.¹⁷

Löggjafinn setur strangar kröfur um endanlegt samkomulag hjóna um fjárskipti. Samkvæmt 1. mgr. 44. gr. hjl.: „skal áður en skilnaður er veittur, annað tveggja vera samkomulag milli hjóna um fjárskipti eða opinber skipti hafin vegna fjárslita.“¹⁸ Með samkomulagi um fjárskipti er hér vísað til þess að hjón geta, ef þau vilja, samið sig undan meginreglunni um helmingaskipti¹⁹, sbr. 6. og 95. gr. hjl. Á hinn bóginn ef ekkert er um samið, gildir reglan um að skírri hjúskapareign²⁰ hvors hjóna um sig skal skipt til helminga, sbr. 6. og 103. gr. hjl.²¹ Nú verður vikið nánar að heimild hjóna um að semja um fjárskiptin sín á milli.

Löggjöf um fjármál hjóna markast einkum af sjónarmiðum um efnahagslegt sjálfstæði hjóna, jafnrétti og jafnstöðu þeirra í hjúskap, samábyrgð á framfærslu heimilis og fjölskyldu og einnig skyldu hjóna til að veita hvort öðru upplýsingar um efnahag sinn og afkomu, sbr. 2. og 3. gr. hjl.²² Af þessu leiðir sú meginregla að hjón hafa forræði á eignum sínum, sbr. 58. gr. hjl.²³ og

¹⁵ Alpt. 1992, A-deild, bls. 61.

¹⁶ Reglugerð nr. 230/1992 um stjórnarsýslumeðferð hjúskaparmála, 8. gr.

¹⁷ Ármann Snævarr telur að heppilegast væri að skipa þessum málum með sérsamningum. Ármann Snævarr: *Hjúskapar- og sambúðarréttur*, bls. 842.

¹⁸ Um opinber fjárskipti milli hjóna gilda ákvæði 96. – 98. gr. hjl. og lög nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum o.fl.

¹⁹ Með helmingaskiptum er átt við að hjúskapareignum hjóna sé skipt á milli hjóna og skuldir þeirra dregnar frá hlutdeild hvors þeirra. Hjónin eiga síðan tilkall til helmings af þeirri hjúskapareign sem eftir stendur í eigu hvors þeirra um sig. Helmingaskiptareglan sbr. 103. gr. hjl. stuðlar að því að veita hvorum maka um sig hlutdeild í eignum hins og eykur með því jafnstöðu þeirra við hjúskaparlok. Regla þessi við fjárskipti vegna skilnaðar á sér aldahefð í norrænum rétti og að baki hennar búa sjónarmið um sanngirni. Alpt. 1992, A-deild, bls. 83.

²⁰ 54. gr. Eign maka verður hjúskapareign nema sérstakar heimildir standi til annars. Á þetta við um eignir sem maki flytur í búið við hjúskaparstofnun eða öðlast síðar og gegnir einu með hverjum hætti eignar er aflað að lögum. Aðrar eignardeildir í hjúskap eru séreignir, sameign og persónubundin réttindi.

²¹ Heimildir í hjl. um frávik frá helmingaskiptum eru einkum 104. gr. um skáskipti og að nokkru 105. og 109. gr.

²² 2. gr. hjl. um jafnstöðu hjóna er tiltölulega ný meginregla sem verður að telja varanlega meginreglu sem mótar hjúskaparlöggjöfina í heild. Sigurður Línadal: *Um lög og lögfræði*, bls. 360.

²³ Frá víðtæku forræði hjóna á eignum sínum má finna þar takmarkanir á, en skv. 60. og 61. gr. laganna er skriflegt leyfi hins makans áskilið um ráðstöfun verðmætis sem notað er sameiginlega í þágu fjölskyldunnar. Að baki búa sjónarmið um ríka vernd fjölskyldunnar. Alpt. 1992, A-deild, bls. 34.

bera ábyrgð á eigin skuldum, sbr. 67. gr. hjl., en ekki skuldum hins²⁴, sbr. 4. gr. hjl. Er það eitt af aðal einkennum á norrænni hjúskaparlöggjöf að búa maka efnahagslegt sjálfstæði eftir föngum og veita honum þannig svigrúm til umsvifa í atvinnurekstri og til að verja eignum sínum til að ná þeim markmiðum sem honum eru hugleikin, að aðgættum skyldum hans við fjölskyldu.²⁵ Er þetta afrakstur þess að jafnréttisskoðunum hefur aukist fylgi og því viðhorfi að hjúskapurinn eigi ekki að vera framfærslustofnun heldur frjálst samband einstaklinga og þeim til lífsfyllingar og þroska.²⁶

Um sammingsgerð hjóna eru fyrirmæli í 71. gr. hjl. um þá grundvallarreglu í fjármálamynstri hjóna að: „...þau geta gert samninga sín á milli með þeim takmörkunum sem lög mæla fyrir um.“²⁷ Með þessu ákvæði er lögfest reglan um sammingsfrelsi milli hjóna sem þó hefur verið talin gilda þó ólögfest væri.²⁸ Gegnir ákvæðið almennu leiðsöguhlutverki varðandi sammingsgerð hjóna²⁹ og í 6. og 95. gr. hjl. er að finna heimildina um frelsi til sammingsgerðar um fjárskipti vegna hjúskaparslita. Með sammingsfrelsinu er hjónum þannig nokkuð í sjálfsvald sett hvaða mynd endanlegur fjárskiptasamningur þeirra tekur³⁰ en eins og áður var nefnt gildir meginreglan um helmingaskipti vegna fjárslita ef ekki hefur verið samið um annað.

Í dómum Hæstaréttar má finna skýrar tilvitnanir til meginreglunar um sammingsfrelsi á milli hjóna, sbr. *Hrd. 26. febrúar 2009 (369/2008)*. Í dómnum var m.a. deilt um það hvort lög bönnuðu að kveða á í samningi milli hjóna að meðlag umfram einfalt meðlag skyldi greiðast með fúlgufé. Hæstiréttur sagði að barnalög bönnuðu ekki ótvírætt samninga um að greiðsla viðbótarmedlags yrði innt afhendi í einu lagi og: „...Í ljósi meginreglunnar um sammingsfrelsi hjóna til að ráðstafa eignum sínum við fjárslit vegna skilnaðar hefði þurft að kveða á um slíka reglu í lögum hafi ætlunin verið að taka hana upp“.

²⁴ Þó skal nefna að í 69. gr. er ákvæði sem heimilar hvoru hjóna að gera samning við þriðja mann sem skuldbindur bæði hjónin enda er samningur gerður meðan sambúðin varir og vegna sameiginlegs heimilishalds, þarfa barna eða sérþarfa þess maka er stendur að samningi.

²⁵ Alþt. 1992, A – deild, bls. 69.

²⁶ Alþt. 1992, A – deild, bls. 67.

²⁷ Hjón geta samið sín á milli innan ákveðinna marka. Í hjl. eru ákvæði sem takmarka sammingsfrelsi hjóna. Má hér t.a.m. nefna sérreglur um gjafir og þörf á kaupmála, sbr. 72. gr. hjl. og framfærslusamninga á milli hjóna, sbr. 46. og 47. gr. hjl. og framfærslusamninga varðandi börn, sbr. 55. og 64. gr. barnalaga nr. 76/2003.

²⁸ Alþt. 1992, A - deild, bls. 74.

²⁹ Alþt. 1992, A – deild, bls. 75.

³⁰ Sbr. einnig 110. gr. hjl. þar sem: „...maka er heimilt við fjárskipti að gefa eftir af tilkalli sínu til eigna, enda sé eigi ástæða til að óttast að hann geti ekki fullnægt fjárskuldbindingum sem á honum hvíldu þá.“

Samkvæmt 1. mgr. 44. gr. hjl. er samkomulag um fjárskipti algjört grundvallaratriði í skilnaðarkjörum hjóna sem ekki verður skotið á frest ef réttaráhrif skilnaðar eiga að taka gildi.³¹ Allur ágreiningur á milli hjóna um eignastöðu kemur þannig í veg fyrir skilnað nema að því einu undanskildu, að hjón lýsi yfir eignaleyfi á grundvelli 1. mgr. 95. hjl.

Þessi atriði sjást skýrt í *Hrd. 20. apríl 2010 (175/2010)* þar sem kærð var frávísun héraðsdóms í máli þar sem krafist var skilnaðar að borði og sæng á grundvelli 34. gr. hjl.³² Frávísun héraðsdóms byggði á því að skilyrðum 1. mgr. 44. gr. hjl. væri ekki fullnægt þar sem hvorki lá fyrir samkomulag hjóna um fjárskipti, né voru opinber skipti vegna fjárskipta hafin. Eins var ekki álitid nægja að yfirlýsing um eignaleyfi kæmi eingöngu frá öðru hjóna á grundvelli 1. mgr. 95. gr. hjl. Fyrir Hæstarétti var hins vegar upplýst að daginn fyrir uppkvaðningu frávísunarúrskurðar héraðsdóms var kveðinn upp úrskurður um opinber skipti til fjárslita málsaðila. Höfðu þessar upplýsingar ekki legið fyrir þegar héraðsdómur kvað upp úrskurð sinn um frávísun. Lagði því Hæstiréttur fyrir héraðsdóm að taka málið til efnismeðferðar á ný.

2.2 Um skuldbindingargildi samninga

Meginreglan um skuldbindingargildi samninga³³ gildir í sífjarétti. Samkvæmt 45. gr. hjl. gilda þeir skilnaðarskilmálar sem hjón hafa komið sér saman um og staðfest eða ákveðin hafa verið með öðrum hætti í tilefni skilnaðar að borði og sæng, einnig eftir að lögskilnaður hefur farið fram, nema annars hafi verið getið þegar skilnaðarleyfi var veitt. Gildir þetta hvort sem um forsjá barna og framfærslu eða fjárskipti er að ræða.³⁴ En þar sem hagsmunir í skilnaðarsamningum eru persónulegs eðlis og af ólíkum toga, eru heimildir til ógildingar á samningum rýmri en almennt gerist um samninga í fjármunarétti. Ríkar heimildir eru t.a.m. til að endurskoða suma samninga ef forsendur breytast, s.s. samninga um forsjá barna, meðlag og umgengni við börn.³⁵

Á skuldbindingargildi fjárskiptasamnings reyndi í *Hrd. 2000, bls. 691 (370/1999)* en þar var öðru hjóna gert að endurgreiða hinu kröfu sem það hafði greitt þegar skuldabréf fór í vanskil. Í

³¹ Samkvæmt 101. gr. hjl. rofnar fjárhagsleg samstaða hjóna við það tímamark er sýslumaður tekur fyrst fyrir umsókn um leyfi til skilnaðar eða ógildingar hjúskapar eða héraðsdómari tekur fyrst fyrir kröfu um opinber fjárskipti milli hjóna.

³² 34. gr. Maki, sem telur sig ekki geta haldið áfram hjúskap, á rétt á skilnaði að borði og sæng.

³³ Meginreglan um að samninga eða aðra löggæringa skuli halda eða efna. Í hinum forna Rómarrétti: „Pacta sunt servanda“. Meginreglan hefur verið viðurkennd í rétti flestra þjóða og má segja að kenningin um skuldbindingargildi samninga sé hinn raunverulegi kjarni samningaréttar, sem allar aðrar reglur byggja á. Páll Sigurðsson: *Samningaréttur*, bls. 23-24.

³⁴ Ármann Snævarr: *Hjúskapar- og sambúðarréttur*, bls. 362-363.

³⁵ Lára V. Júlíusdóttir: *Hjúskapur, stofnun og slit, réttindi og skyldur*, bls. 16.

samningi aðila um fjárskipti sem staðfestur var við útgáfu leyfis til skilnað að borði og sæng var greinilega kveðið á um hvort hjóna tæki að sér að greiða af umræddu skuldabréfi og hafði lögskilnaðarleyfi verið gefið út, án þess að nokkrar breytingar væru gerðar á samningi þeirra.

Í *Hrd. 1999, 1231 (419/1998)* var um almennt skuldamál að ræða milli hjóna sem höfðu skilið fyrir nokkrum árum og gert fjárskiptasamning sem þau staðfestu fyrir sýslumanni. Samkvæmt samningi skyldi B greiða áhvílandi skuldir af fasteign sem var séreign hennar en G skyldi greiða allar aðrar lausaskuldir og bankalán sem þau hefðu í sameiningu stofnað til. Auk fjárskiptasamningsins höfðu aðilar gert með sér svohljóðandi samning: „*Gulli greiðir allar skuldir, en ef hann getur það ekki má hann koma með þær til Bjarkar.*“ Þessi samningur var ekki staðfestur fyrir sýslumanni. Á grundvelli fjárskiptasamnings þeirra hjóna krafðist B að G endurgreiddi sér þá fjármuni, sem hún hefði innt af hendi vegna skulda sem stofnast höfðu á meðan þau voru í hjónabandi. G neitaði að greiða og sagði að fjárskiptasamningurinn hefði aðeins verið til málamynda þar sem eignir þeirra sameiginlega hefðu ekki nægt fyrir skuldum þegar til skipta kom. Með fjárskiptasamningi hefðu þau ætlað að koma í veg fyrir að skuldheimtumenn gætu gengið að B og fasteign hennar og með vísan til viðbótarsamningsins sæist glögg að þau hjónin hefðu í raun ætlað að greiða allar skuldir sínar sameiginlega. Á þetta var ekki fallist fyrir dómi. Ekki var talið að staðfestur fjárskiptasamningur gæti talist málamyndagerningur. Var G því gert að endurgreiða B.³⁶

3. Samninga um fjárskipti vegna skilnaðar er hægt að ógilda

3.1 Ógilding á grundvelli hjúskaparlaga

Þó að lögjöfin geri ráð fyrir að fjárskiptasamningar sem hjón staðfesta fyrir yfirvaldi séu endanlega skuldbindandi, sbr. 1. mgr. 43. gr. hjl. þá er þó að finna sérreglu í hjl. um ógildingu fjárskiptasamninga. Reglan er frávik frá meginreglunni um skuldbindingargildi samninga. Hún tekur mið af sanngirni og verndar þann, er verr stendur að vígi, með tilliti til samningsgerðar og þarfa hjóna, þegar kemur að skiptingu og úthlutun einstakra eigna við fjárslit.³⁷ Ákvæði 2. mgr. 95. gr. hjl. hljóðar svo:

³⁶ Dómurinn sýnir skuldbindingargildi samninga sem gerðir eru samkvæmt formskilyrðum laga, enda oft hætta á málamyndagerningum á milli hjóna. Því þarf að taka tillit til annarra hagsmuna, s.s. hagsmuna skuldheimtumanna. Um þennan dóm má draga þá ályktun að jafnvel málamyndagerningur getur orðið skuldbindandi samningur.

³⁷ Ármann Snævarr: *Hjúskapar- og sambúðarréttur*, bls. 30.

Nú hafa hjón vegna væntanlegs skilnaðar að borði og sæng eða lögskilnaðar gert samning um fjárskipti sín og er þá unnt að fella hann úr gildi að nokkru eða öllu með dómi ef hann var bersýnilega ósanngjarn á þeim tíma er til hans var stofnað. Dómsmál skal höfða innan árs frá fullnaðardómi til skilnaðar eða frá útgáfu leyfisbréfs til skilnaðar. Tímafrestir þessir eiga þó ekki við ef freistað er að hnekkja samningi með stoð í reglum um fjármunaréttarsamninga.

3.2 Ógilding á grundvelli samningalaga

Þegar fjallað er um ógildingu fjárskiptasamninga vegna skilnaðar verður að taka til umfjöllunar lög um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga nr. 7/1936.³⁸ Ógildingarreglur í III. kafla samnl. geta vissulega komið við sögu er kanna á hvort ástæða sé til að ógilda fjárskiptasamning á sviði sifjaréttar. Eins geta hinar óskráðu ógildingarreglur fjármunaréttarins komið til greina, s.s. reglan um að löggerningur sé andstæður lögum og velsæmi eða reglan um rangar og brostnar forsendur. Ákvæðin geta þó ekki gilt fyllilega í ljósi undirstöðusjónarmiða á þessum lagavettvangi sem rekja má til mismunar á kenningum um traust og vilja.³⁹

Það ógildingarákvæði samnl. sem einna mest kemur við sögu í dómum um ógildingu fjárskiptasamninga vegna skilnaðar er 36. gr. Í ákvæðinu segir: „Samningi má víkja til hliðar í heild eða að hluta, eða breyta, ef það yrði talið ósanngjarnt eða andstætt góðri viðskiptavenju að bera hann fyrir sig. Við mat [á því] skal líta til efnis samnings, stöðu samningsaðilja, atvika við samningsgerðina og atvika sem síðar komu til.“ Með þessu ákvæði er lögfest almenn regla um að unnt sé að ógilda löggerninga sem sannanlega uppfylla þau skilyrði sem fram koma í ákvæðinu. Þessi víðtæka ógildingarregla byggir á sjónarmiðum um sanngirni eins og ógildingarákvæðið í 2. mgr. 95. gr. hjl. Ármann Snævarr telur það hafa raunhæft gildi að beita 36. gr. samnl. sem fyllingarreglu þegar leitað er eftir því að að ógilda sifjagerninga og vísar hann þessu til staðfestingar m.a. í lögskýringargögn varðandi 36. gr. samnl. og dóma Hæstaréttar þar sem 36. gr. samnl. hefur efnislega komið til álita.⁴⁰ Eins hefur verið bent á að tengsl ógildingarreglu hjl. og samnl. sé með þeim hætti að löggjafinn hafi talið að þær aðstæður sem skilnaðarsamningar eru gerðir við og þeir hagsmunir sem þar er fjallað um séu þess eðlis, að rétt sé að hafa í hjl. sérstaka ógildingareglu sem tekur eingöngu til slíkra samninga þrátt fyrir hina almennu ógildingarreglu

³⁸ Hér eftir skammstafað samnl.

³⁹ Ármann Snævarr: *Hjúskapar- og sambúðarréttur*, bls. 548-549. Ármann vísar hér til þess að með hliðsljón af nánnum og persónulegum tengslum hjóna hljóti samningar sifjaréttar að taka mið af viljakenninum en samningar fjármunaréttarins taka mið af traustkenngum sem líta meira að öruggum og greiðum viðskiptum á milli manna.

⁴⁰ Í *Hrd. 1988:474 (34/1987)* var fjárskiptasamningur felldur úr gildi með stoð í 54. gr. hjl. 1972 (sbr. nú 2. mgr. 95. gr. hjl.) ásamt þessum orðum: „og þykir sú niðurstaða eiga sér stoð í grunnrökum 36. gr. laga nr. 7/1936, sbr. 6. gr. laga nr. 11/1986“. Ármann Snævarr: *Hjúskapar- og sambúðarréttur*, bls. 550.

samnl. Þannig sé reglu hjl. um ógildingu ætlað vera sérregla sem að samkvæmt viðurkenndum lögskýringarsjónarmiðum eigi að ganga framur almennu reglunni í 36. gr. samnl. Hins vegar ef aðstæður eru með þeim hætti að krafa um ógildingu samnings sé byggð á breyttum aðstæðum sé rétt að byggja kröfur á almennum reglum samnl. einkum 36. gr.⁴¹

Það sem skilur á milli ógildingarákvæðis hjl. og hinnar almennu ógildingarreglu samnl. er að samkvæmt 2. mgr. 95. gr. hjl. er tiltekinn ákveðinn málshöfðunarfrestur: „...*innan árs frá fullnaðardómi til skilnaðar eða frá útgáfu leyfisbréfs til skilnaðar*“, sem ekki gildir ef beitt er 36. gr. samnl. Eins er mat á ósanngirni í ákvæði 2. mgr. 95. gr. hjl. einskorðað við að samningur hafi verið bersýnilega ósanngjarn „á þeim tíma er til hans var stofnað“ þar sem í 36. gr. samnl. skal aftur á móti líta til „*efnis samnings, stöðu samningsaðilja, atvika við samningsgerðina og atvika sem síðar komu til.*“ Tekur 36. gr. samnl. því einnig til breyttra aðstæðna en ákvæði hjl. heimilur aftur á móti eingöngu að litið sé til tímamarkanna við samningsgerð.

Í *Hrd. 1997, bls. 2429 (466/1996)* var krafist ógildingar skilnaðarsamnings þar sem verulega hallaði á annað hjóna en höfuðeign aðila var jörð sem metin var á tæplega 6.000.000 kr. Hálfu ári eftir lögskilnað hafði jörðin verið seld á 11.000.000 kr. Málsástæður stefnanda studdust annars vegar við 95. gr. hjl. og hins vegar við ógildingarákvæði III. kafla samnl. Í málflutningi fyrir héraði reifaði lögmaður stefnanda málið m.a. á grundvelli 36. gr. samnl. Var kröfu um ógildingu hafnað í héraðsdómi en frestur skv. 95. gr. hjl. var liðinn, er mál þetta var höfðað. Einnig þótti ósannað, að slíkir annmarkar hefðu verið á samningi aðila, að það leiddi til þess, að hann yrði metinn ógildur samkvæmt ákvæðum III. kafla samnl. Hæstiréttur féllst á ógildingu skilnaðarsamningsins þar sem aðstæður sem miðað var við í samningi höfðu breyst til muna. Lá m.a. fyrir að forsjá barna og heimilishald var nú í höndum þess aðila sem krafðist ógildingar en við gerð samnings hafði málum verið öðru vísi varið. Var samningur aðila ógiltur m.a. með vísan til þessara breyttu aðstæðna.⁴²

Í *Hrd. 6. mars 2008 (165/2007)* var krafist ógildingar á fjárskiptasamningi á grundvelli 2. mgr. 95. gr. hjl. vegna verulegra frávik frá helmingaskiptareglu. Dómurinn taldi að þótt

⁴¹ Davíð Þór Björgvinsson: *Ógilding skilnaðarsamninga skv. 54. gr. L. 60/1972*, bls. 186 -189.

⁴² Í forsendum Hæstaréttar kemur ekki skýrt fram að niðurstaðan byggji á 36. gr. samnl. heldur segir að forsendur samningsins hafi breyst verulega við það, að stefnda hafi tekist að selja jörðina og haldi ekki lengur heimili fyrir börn sín og áfrýjanda. Beri af þessum ástæðum að fella fjárskiptasamning aðila úr gildi. Hæstiréttur tekur svo fram að 2. mgr. 95. gr. hjl. um málshöfðunarfrest standi niðurstöðunni ekki í vegi. Hér þykir þó óhætt að draga þá ályktun að með orðlagi sínu sé Hæstiréttur að vísa í 36. gr. samnl. um að breyttar aðstæður. Er því tilvísun í hjl. með öllu óþörf. Dómurinn sýnir vel tengslin milli ákvæða 2. mgr. 95. gr. hjl. og 36. gr. samnl.

vissulega væru skiptin ójöfn væri ekki tilefni til ætla að ójöfnuðurinn hefði orðið til á þeim tíma er sáttaumleitan og staðfesting samnings fyrir sýslumanni fór fram. Var í þessu sambandi m.a. vísað til meginreglunar um samningsfrelsi og einnig að sýslumaður hefði leiðbeint um frávik frá helmingaskiptum. Í málinu var einnig krafist ógildingar á grundvelli 36. gr. samnl. þar sem forsenda samnings um fjárskipti hefði brostið vegna atvika er síðar höfðu komið til en stefnandi hélt því fram að stefndi hefði neitað að afhenda sér persónulegar eigur sínar og muni úr innbúi í samræmi við samkomulag aðila. Ætti þessi forsendubrestur að leiða til þess að samningi yrði vikið til hliðar. Þar sem stefnandi hafði með engu móti lýst því hvaða muni var um að ræða þótti málsástæða þessi með engu móti geta haggað gildi samningsins þannig að 36. gr. samnl. gæti átt við í málinu.⁴³

4. Ákvæði 1. mgr. 95. gr. hjúskaparlaga nr. 31/1993

4.1 Formkröfur samningsgerðar

Í málum þar sem krafist er ógildingu fjárskiptasamninga er það undirstöðuatriði að kanna hvernig samningar hafa orðið til og hvort gætt hafi verið að formkröfum laga við gerð þeirra. Hefur þetta grundvallarþýðingu við mat á skuldbindingargildi samnings.

Um form samnings um fjárskipti segir í 1. mgr. 95. gr. hjl. að: „fjárskiptasamningur skal vera skriflegur og undirritaður af hjónum eða umboðsmönnum þeirra. Samning þennan skal staðfesta fyrir sýslumanni eða dómara.“ Krafan um skriflegan og undirritaðan samning er afdráttarlaus og nægir ekki munnlegt samkomulag. Styðst krafa þessi við traust rök, m.a. að þessi löggerningur sé mikilvægur og að til hans skuli vanda. Samningurinn felur í sér fullnaðaruppgjör á efnahag hjóna og er um endanlegt samkomulag að ræða. Þess vegna skal leiðbeiningarskylda sýslumanns virt og staðfesting skrifleg fyrir yfirvaldi svo að skýrt sé að um raunverulegan samning sé að ræða en ekki ónákvæmar og lauslegar bollaleggingar.⁴⁴

Í eftirfarandi dómum tekur Hæstiréttur afstöðu til vægis þessara lögmæltu formaskilyrða og sýna þeir að lögð er áhersla á að samningar séu gerðir samkvæmt laganna bókstaf. Samningar sem gerðir eru samkvæmt formkröfum laga eru þannig gildir þrátt fyrir að öðru sé haldið fram

⁴³ Dómurinn sýnir hvernig reynt er að rýmka kröfu um ógildingu fyrir dómi ef saman er beitt ógildingarreglum hjl. og samnl.

⁴⁴ Ármann Snævarr: *Hjúskapar- og sambúðarréttur*, bls. 834-837.

t.a.m. að um málamyndagerning⁴⁵ hafi verið að ræða. Á hinn bóginn hefur komið fyrir að óformbundin yfirlýsing er álitin sem gildur samningur.⁴⁶

Í *Hrd. 1987, 724 (151/1987)* var þess krafist að samningur um fjárskipti yrði lagður til grundvallar skiptingu á búi hjóna og synjað yrði um kröfu sem fram var komin um opinber skipti. Fyrir dómi var m.a. lagt fram skjal um eignaskipti og greiðslu skulda sem báðir aðilar höfðu undirritað. Ekki var þó talið að umræddur samningur hjóna fæli í sér endanlegt samkomulag um fjárskipti þar eð hann hafði ekki enn verið staðfestur fyrir yfirvaldi. Héraðsdómur tók fram að áskilið væri í ákvæði 45. gr. hjl. 1972, (sbr. nú 43. gr. hjl.) að hjón staðfestu samkomulag fyrir sýslumanni um þessi efni. Óumdeilt þótti í máli þessu, að áður en fundi hjá sýslumanni lauk hafði annað hjóna lýst því yfir að það teldi sig ekki skuldbundið af samningi aðila um fjárskipti. Var ekki talið hægt að leggja óstaðfestan samning til grundvallar fjárskiptum.

Í *Hrd. 2002, bls. 3221 (106/2002)* hagaði þannig til, að í staðfestum fjárskiptasamningi hjóna, hafði verið gert ráð fyrir nýtingu kaupréttar á fasteign fyrir tilskilinn tíma og var umsamið að ef að yrði, væri söluverð fasteignar hið sama og upphaflegt kaupverð hennar. Ef ekkert yrði úr þessum áformum, mundi fasteignin seld á frjálsum markaði og söluandvirði skipt jafnt á milli aðila. Þegar tímar liðu og ekkert varð af nýtingu kaupréttar, lá fyrir að fasteignin yrði seld á opnum markaði. Var þá gefin út svohljóðandi yfirlýsing:

Ég undirritað, [M, kt.] lýsi því hér með yfir að ég mun ekki gera kröfu til helmingshlutdeildar í íbúð 03.02 í húsinu við Dofraberg í Hafnarfirði eins og fram kemur í skilnaðarsamkomulagi mínu við [J, kt.]. Eignarhlutur minn í íbúðinni mun því nema um [kr.], þegar hún verður seld.

Fyrir dómi var þess krafist að þessi yfirlýsing sem fæli í sér breytingu á skilnaðarsamningi, yrði dæmd ógild. Hafði yfirlýsing þessi ekki verið staðfest fyrir sýslumanni og var hún sögð gefin til málamynda og til að auðvelda hinu hjónanna greiðslumat vegna fyrirhugaðra íbúðarkaupa. Ekki lá ljóst fyrir hvenær nákvæmlega fasteignin var sett á sölu en með kaupsamningi á opnum markaði aðeins 5 dögum eftir að yfirlýsing þessi var gefin, fékkst mun hærra verð en upphaflegt kaupverð og krafðist M fyrir dómi að J greiddi sér helming söluandvirðis og í samræmi við

⁴⁵ Málamyndagerningur er löggerningur sem er því marki brenndur, að báðir þeir aðilar sem upprunalega stóðu að löggerningnum, eru samhuga um að leggja aðra merkingu í löggerninginn en leiða má af orðalagi hans eða formi samkvæmt almennum túlkunarreglum. Páll Sigurðsson: *Samningaréttur*, bls. 276.

⁴⁶ Hér má reyndar geta þess að það heyrir til undantekninga í fjármunarétti að vanræksla um formreglur eða veruleg frávik frá lögboðnu formi valdi algeru ógildi löggerninga. Páll Sigurðsson: *Samningaréttur*, bls. 43.

ákvæði skilnaðarsamningsins. M hafði þegar fengið greitt helmingshlut í upphaflegu kaupverði fasteignar, eins og yfirlýsingin kvað á um.

Meiri hluti Hæstaréttar taldi að í umræddri yfirlýsingu fælist í raun ekki breyting á fjárskiptasamningi heldur eingöngu framlenging á atriði sem um hefði verið samið áður, þ.e.a.s. að aðeins fælist í yfirlýsingunni lenging frests um að innleysa íbúð þeirra á tilteknum kjörum. Hefði því ekki borið nauðsyn til að hún yrði staðfest hjá sýslumanni, til þess að hún héldi gildi sínu milli aðila, enda hefði munnleg yfirlýsing sama efnis haft sömu réttaráhrif. Taldi meiri hluti Hæstiréttur að ekkert benti til að yfirlýsingin hefði verið gerð til málamynda og því yrði hún ekki dæmd ógild.⁴⁷

Í *Hrd. 20. desember 2007 (251/2007)* höfðu hjón þegar gert með sér samning um skilnaðarkjör og fengið útgefið leyfi til skilnaðar að borði og sæng þegar K óskaði eftir því með bréfi við Lífeyrissjóð sjómanna að taka yfir lán sem M hafði tekið að sér samkvæmt fjárskiptasamningi þeirra. Var yfirtaka lánsins undirrituð af báðum hjónum. Stuttu síðar dró K þessa ósk sína til baka og leitaði eftir lögskilnaði við M. Fór M fyrir sýslumann og samþykkti lögskilnað með þeim fyrirvara að fjárskiptasamningi milli þeirra hjóna yrði breytt og vísaði í bréf K um yfirtöku á lífeyrissjóðsláninu. Vegna ágreinings um þetta atriði vísaði sýslumaður beiðni um lögskilnað frá. Í framhaldinu höfðaði M mál og krafðist lögskilnaðar og að skilnaðarsamningi hans og K yrði breytt á þá leið að K yrði gert að taka yfir fyrrnefnt lán við Lífeyrissjóð sjómanna. Í niðurstöðu sinni vísar Hæstiréttur til formaskilyrða 1. mgr. 95. gr. hjl og segir að eðli málsins samkvæmt verði það sama að gilda um aðra samninga sem síðar eru gerðir til breytingar á fjárskiptasamningi. Síðan segir Hæstiréttur:

Fyrrgreint bréf stefndu til Lífeyrissjóðs sjómanna, þar sem hún lýsti yfir ósk um að „yfirtaka lán“, sem áfrýjanda hafði verið veitt þar, var hvorki samkvæmt efni sínu samningur milli aðilanna um breytingu á fjárskiptasamningi né var það staðfest á þann hátt, sem áskilinn er í 1. mgr. 95. gr. hjl. Þegar af þessum ástæðum verður ekki fallist á með áfrýjanda að samningi þeirra hafi verið breytt með þessari ráðstöfun svo að skuldbindandi sé fyrir stefndu.

Í *Hrd. 6. mars 2008 (165/2007)* var krafist ógildingar á fjárskiptasamningi á grundvelli 2. mgr. 95. gr. hjl. Tveimur árum áður en til skilnaðar kom, höfðu hjónin gert með sér samkomulag og undirritað yfirlýsingu þess efnis, að ef til skilnaðar kæmi myndi hlutur í tiltekinni jörð ekki

⁴⁷ Ekki verður séð hvernig yfirlýsing sem gefin er í tengslum við fjárskipti hjóna geti gilt án þess að lúta sömu formaskilyrðum og aðrir samningar. Hins vegar var það upplýst að M tók við umsáminni fjárhæð í kjölfar sölu á fasteigninni án athugasemda og gæti það hugsanlega gefið tilefni til að ætla að yfirlýsing hennar hafi átt að gilda.

koma til skipta heldur teljast séreign mannsins. Kom til athugunar hvort slík yfirlýsing, sem þó væri ekki kaupmáli, hefði eitthvert vægi þegar meta ætti hvort fjárskiptasamningur vegna skilnaðar teldist bersýnilega ósanngjarn. Við sáttaumleitan hjá sýslumanni og staðfestingu fjárskiptasamnings hafði yfirlýsingin um séreign jarðarinnar einnig verið staðfest. Í niðurstöðu héraðsdóms sem Hæstiréttur staðfesti, áleit héraðsdómur að þegar fjárskiptasamningur hjónanna væri virtur í heild, í ljósi matsgerðar um verðmæti helstu eigna, færi ekki á milli mála að veruleg frávík væru frá helmingaskiptareglu, en: „...með því að staðfesta yfirlýsinguna í fjárskiptasamningi aðila gekkst stefnandi á hinn bóginn með samningnum sjálfum undir þá skuldbindingu sem fólst í efni yfirlýsingarinnar...og því verður lagt til grundvallar að hjónin hafi með samningi um fjárskipti eingöngu verið að staðfesta það sem áður hafði verið ákveðið.“⁴⁸

5. Ákvæði 2. mgr. 95. gr. hjúskaparlaga nr. 31/1993

5.1 Yfirlit um forsögu ákvæðis

Íslensk húskaparlöggjöf á rót að rekja til norænnar lagasamvinnu sem fyrst hóf endurskoðun á sífjalöggjöf árið 1909.⁴⁹ Afraksturinn af þeirri samvinnu var setning laga um réttindi og skyldur hjóna nr. 20/1923 er byggðu á jafnræði hjóna og gat hvort hjóna öðlast hjúskaparrétt yfir öllu því, er hitt átti við giftinguna eða eignaðist síðar, að svo miklu leyti sem það var ekki séreign. Að þessu leyti voru þessi lög frábrugðin eldri lögum um fjármál hjóna, en samkvæmt lögum nr. 3/1900 var það aðalreglan, að bóndinn færi einn með forræði félagsbúsins.⁵⁰ Lög nr. 20/1923 höfðu einnig í för með sér þær umbætur á réttarstöðu kvenna að vinna á heimili skyldi metin til jafns við framfærslu fjölskyldunnar, og má rekja þessa framför til kvennabaráttunnar á þessum tíma.⁵¹ Á hinn bóginn giltu einnig lög nr. 39/1921 um stofnun og slit hjúskapar. Voru nýmæli í 79. gr. er heimiluðu að samkomulagi um skiptingu eigna yrði hrundið, að það væri bersýnilega ósanngjarn.⁵² Giltu tvenn lög um hjúskap uns lög nr. 60/1972 tóku gildi, en þau voru fyrstu heildstæðu lögín hér á landi um hjúskap. Hjúskaparlög nr. 31/1993 tóku síðan gildi 1. júlí 1993.

⁴⁸ Í þessum dómi kom einnig til athugunar það formskilyrði, hvort gætt hefði verið leiðbeiningarskyldu sýslumanns. Í vitnisburði fulltrúa sýslumanns fyrir dómi kom fram að hann hefði rætt við konuna um að hún væri hlunnfarin í samningnum og leiðbeint henni um helmingaskiptareglu hjúskaparlaga. Taldi fulltrúinn að konan hefði gert sér grein fyrir þessu og sagt að þannig vildi hún ganga frá fjárskiptum við skilnaðinn.

⁴⁹ Ármann Snævarr: *Hjúskapar- og sambúðarréttur*, bls. 381.

⁵⁰ Ólafur Jóhannesson: *Lög og réttur*, bls. 96.

⁵¹ Sigrún Jóhannesdóttir: *Fyrirlestrar um fjármálaskipulag í hjúskap, staðfestri samvist og óvígðri sambúð*, bls. 14.

⁵² Davíð Þór Björgvinsson: *Ógilding skilnaðarsamninga skv. 54. gr. L. 60/1972*.

Í 54. gr. laga nr. 60/1972 var að finna ákvæði sem var að mestu leyti sama efnis og 79. gr. laga nr. 39/1921. Í athugasemdum með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 60/1972 um stofnun og slit hjúskapar segir að: „...ákvæðið varðar annmarka á samningsgerð frá öndverðu, og heimilar dómstól að lýsa samning ógildan, ef hann var bersýnilega ósanngjarn á þeim tíma sem til hans var stofnað.“⁵³

Ákvæði 95. gr. hjl. um fjárskiptasamninga á milli hjóna hefur nú leyst af hólmi 54. gr. laga nr. 60/1972 og eru ákvæðin fyrir og nú að nokkru sambærileg að frátöldu nýmæli um formkröfur um gerð samninga.⁵⁴

5.2 Vísireglur

Í sífjaréttinum þykir ekki alltaf henta að setja fram einskorðaðar lagareglur, heldur þykir fremur þurfa að orða reglur með svigrúmi sem höfða til vissra viðmiðana án hnitmiðaðra ummerkja. Slíkar reglur nefnast vísireglur.⁵⁵ Vísireglur eru næmari fyrir breyttum viðhorfum og hafa ríkjandi skoðanir hvers tíma mikil áhrif á túlkun vísireglna, t.d. á það hvað talið verður ósanngjarn.⁵⁶ Dæmi um vísireglu er ákvæði 2. mgr. 95. gr. hjl. Ármann Snævarr telur vísireglur hafa bæði kosti og galla og gerir svofellda grein fyrir því:

Þær veita svigrúm til að taka tillit til atvika máls hverju sinni, og með þeim er stefnt að réttlæti í úrlausnum. Þær höfða til sanngirni. Þær veita hins vegar ekki örugga leiðsögn, því að mat manna á þessum efnum er m.a. háð skoðunum þeirra á félagslegu réttlæti og veltur á siðgæðisviðhorfum þeirra o.fl. Þrátt fyrir þessa áhættu, virðist vera óhjákvæmilegt að byggja á slíkum vísireglum og enda oft eðlilegt.⁵⁷

5.3 Forsendur ákvæðis fyrir ógildingu

Samkvæmt orðanna hljóðan er: „...unnt að fella [fjárskiptasamning] úr gildi að nokkru eða öllu með dómi ef hann var bersýnilega ósanngjarn á þeim tíma er til hans var stofnað.“ Í athugasemdum þeim er urðu að frumvarpi til hjl. 1993 er ekki að finna neinar leiðbeiningar um það hvað átt er við með því að samningur teljist bersýnilega ósanngjarn. Þá er ekki heldur að

⁵³ Alþt. 1971, A- deild, bls. 53.

⁵⁴ Alþt. 1992, A- deild, bls. 81.

⁵⁵ Róbert R. Spanó segir að þegar lagaákvæði er í formi svigrúms-eða vísireglu hafi löggjafinn beinlínis ætlast til þess að horft sé til almenns sanngirnismælikvarða við framkvæmd lagaákvæðisins. Þannig verði ekki komist hjá því við beitingu og túlkun vísireglna, að taka til greina ýmis siðferðileg sjónarmið við nánari fyllingu á efni þeirra og gildissviði. Róbert R. Spanó: *Túlkun lagaákvæða*, bls. 273.

⁵⁶ Ármann Snævarr: *Almenn lögfræði*, bls. 355.

⁵⁷ Ármann Snævarr: *Hjúskapar- og sambúðarréttur*, bls. 161.

finna slíkar leiðbeiningar með lögum nr. 60/1972, né heldur með lögum nr. 39/1921. Það kemur því í hlut dómastóla að móta þau sjónarmið sem þar eru lögð til grundvallar matinu.⁵⁸ Af 2. mgr. 95. gr. hjl. er þó talið, að draga megi þá almennu ályktun, að miðað sé við að samningsgerð sé sanngjörn og að ekki sé hallað óeðlilega á annað hjóna.⁵⁹

5.4 Verðmæti og verðgildismat eigna

Lögmælt er sú skylda hjóna að gefa upplýsingar og gögn um eignir og skuldir, sbr. 2. mgr. 3. gr. hjl. Samningur um fjárskipti verður að vera réttur og ótvíræður svo ekki fari á milli mála hvert værdmæti búsins er. Er í þessu sambandi oft talað um skiptamarkið⁶⁰, sbr. 101. gr. hjl. en samkvæmt ákvæðinu skal við úrlausn um eignir og skuldir: „miða við það tímamark er sýslumaður tók fyrst fyrir umsókn um leyfi til skilnaðar, dómsmál höfðað til skilnaðar eða ógildingar hjúskapar eða héraðsdómari tók fyrst fyrir kröfu um opinber fjárskipti milli hjóna...“ En eignir sem maki aflar sér eftir þetta tímamark, teljast ekki til hjúskapareigna, heldur falla utan þeirra.⁶¹ Ef hægt er að sanna að annar aðili hafi leynt hinn einhverju eða haft rangt við, skiptir það miklu máli fyrir niðurstöðu dóms.

Í *Hrd. 1988, bls. 474 (34/1987)* var krafa um ógildingu tekin til greina. Með samningi aðila bar M mun meira úr býtum. Fékk hann báðar íbúðir búsins í sinn hlut sem og bifreið, en K fékk verðtryggt veðskuldabréf að fjárhæð 400.000 kr. Í samningi aðila var tekið fram að innbú og peningum hafði verið skipt og að skuldir skiptust nokkurn veginn jafnt á aðila. Reyndi M að halda fram þeirri málsástæðu að önnur íbúðin væri eign foreldra hans, þrátt fyrir að hann væri þinglýstur eigandi og að íbúðin væri talin fram sem eign hans á skattaskýrslum. En íbúðin var einnig talin eign búsins í skilnaðarsamningi hjóna. Eins reyndi hann að koma því við að K hefði samþykkt að íbúðinni yrði haldið utan skipta. Var þetta talið ósannað. Í niðurstöðu Hæstaréttar var tekið fram að samningurinn var saminn á vegum M, með aðstoð lögfræðings hans og að ósannað væri að K hefði haft samninginn undir höndum fyrr en við undirritun hans og segir síðan: „...Í skilnaðarsamningnum eru eignirnar ekki metnar til fjár og ekki er í ljós leitt, að glöggar upplýsingar hafi legið fyrir um verðmæti þeirra við undirritun samningsins...ber því að lýsa samning aðila um fjárskipti óskuldbindandi.“

⁵⁸ Davíð Þór Björgvinsson: *Ógilding skilnaðarsamninga skv. 54. gr. L. 60/1972.*

⁵⁹ Áramnn Snævarr: *Hjúskapar- og sambúðarréttur*, bls. 839.

⁶⁰ Ármann Snævarr: *Hjúskapar- og sambúðarréttur*, bls. 767.

⁶¹ Ármann Snævarr: *Hjúskapar- og sambúðarréttur*, bls. 518.

Í *Hrd. 1997, bls. 2429 (466/1996)* sem einnig var getið í kafla 3.2 var fjárskiptasamningur aðila felldur úr gildi. Í samningi aðila var hvorki tilgreint verðmæti eigna né fjárhæð skulda. Virtist vera gert ráð fyrir því, að markaðsverð jarðar, sem M fékk í sinn hlut, væri nálægt fasteignamati hennar, sem var tæplega 6.000.000 kr. og að verðmæti eigna í heild rétt næði að mæta skuldum. Við meðferð máls fyrir Hæstarétti voru lögð fram ný gögn, þ. á m. bréf löggilts fasteignasala, sem hafði jörð aðila til sölu, þegar aðilar gerðu með sér samning um fjárskipti vegna skilnaðar. Í bréfinu kom fram sú skoðun fasteignasalans, að markaðsverð jarðarinnar hafi verið á bilinu 9-10 milljónir kr. Í niðurstöðu Hæstaréttar segir m.a. : „...*var samningur aðila ófullkominn. Forsendur þær, sem miðað var við um verðmæti höfuðeignar aðila, jarðarinnar F, verður að telja hafa verið óraunhæfar, ekki síst þegar litið er til þess, að jörðin var á þessum tíma til sölu fyrir verð, sem var um 5.000.000 króna herra.*“

Þegar meta á verðgildi eigna, skiptir skiptamark 101. gr. hjl. einnig máli. En hjón geta sammælt um annað tímamark. Mun það oft gert af hagkvæmnisástæðum.⁶² Hæstiréttur hefur litið svo á að tímamark um verðgildi eigna skuli vera þegar raunveruleg skipti fara fram eða þegar hjón ná samkomulagi með samningi sín á milli.

Í *Hrd. 1998, bls. 4022 (91/1998)* var fjárskiptasamningur felldur úr gildi á grundvelli 2. mgr. 95. gr. hjl. Um var að ræða þrjá samninga á milli aðila en samkvæmt efni og orðalagi þeirra taldi Hæstiréttur að líta skyldi á þá sem eina heild. Hluti hjúskapareigna í búi þeirra hjóna var hlutafjáreign í útgerðarfyrirtæki og í frumsamningi hjóna sem gerður var á vegum M, skyldu fasteign og bifreið koma í hlut K en M fá öll hlutabréf. Hafði K talið að á sig hallaði og hafði því verið reynt að rétta hlut K í tveimur viðbótarsamningum. Enn taldi K að á sig hallaði í fjárskiptasamningi þeirra hjóna með tilliti til verðgildis hlutbréfanna. Í dómi Hæstaréttar kemur eftirfarandi fram: „...*Upphaflegur samningur um fjárskipti milli málsaðila sætti samkvæmt framansögðu breytingum með tveimur skriflegum samningum.....eftir mati hinna dómkvöddu manna var verðmæti hlutafjár þann 19. október 1995, 50.000.000 til 59.000.000 krónum meira en matsfjárhæð hlutafjár þann 3. apríl 1995,..þegar þessa er gætt þarf ekki að taka afstöðu til annarra röksemda til stuðnings því að fjárskiptasamningarnir séu bersýnilega ósanngjarnir.*“

Í *Hrd. 2006, bls. 5186 (579/2006)* kom til álita verðmat á jörð og annarra eigna tengdum búrekstri, en skilnaðarmál aðila hafði fyrst verið tekið fyrir hjá sýslumanni í ágúst 2003. Málinu

⁶² Ármann Snævarr: *Hjúskapar- og sambúðarréttur*, bls. 839.

hafði hins vegar verið frestað ótiltekið til að fjalla um endanleg skilnaðarkjör, þ. á m. fjárskipti. Var síðan krafist opinbera skipta í september 2005. Deildu aðilar um við hvora dagsetninguna skyldi miða verðmatið. Hæstiréttur staðfesti niðurstöðu héraðsdóms að við verðmatið ætti að miða við gangverð eigna þegar matið færi fram gegn staðgreiðslu kaupverðs. En þar sem í málatilbúnaði hafði verið byggt á að miðað yrði við verðlag eigi síðar en í september 2005, var talið að leggja ætti það tímamark til grundvallar við skiptin.

5.5 Efni og aðdragandi samningsgerðar

Af dómum má ráða að við úrlausn 2. mgr. 95. gr. hjl. reynir bæði á hlutræn og hugræn sjónarmið sem leiðir af sér að oft verður að fara fram heildarmat á samningi og samningsgerð. Með heildarmati er átt við könnun á efni samnings, atvika og aðraganda samningsgerðar, og könnun á hógum og aðstæðum hjóna. Einnig ber að athuga hvort aðilar nutu aðstoðar við samningsgerð eða hvort aðilar hafi þurft að búa yfir mikilli þekkingu á fjármálum. Í þessu sambandi kemur til álita hve flókinn samningur er og hve mikinn tíma aðilar höfðu til að kynna sér efni samningsins.⁶³

Þegar hjón semja um fjárskipti sín á milli þá er gengið út frá því, að við skiptin gildi löggerningur sem hjón eru sátt við. Af þessu leiðir, að sé krafist fyrir dómi að ógilda beri fjáskiptasamning, er það höfuðnaðsyn að athuga fyrst hvort veruleg frávik eru frá helmingaskiptareglunni í samningi aðila og er helmingaskiptareglan þannig nokkurs konar leiðarljós þegar matið á ósanngirni hefst.⁶⁴ Hér kemur og við sögu leiðbeiningarskylda sýslumanns þegar hann kannar hvort raunverulegt samkomulag er komið á um skilnaðarkjör hjóna eða þegar hann aðstoðar við gerð samkomulagsins áður en hann staðfestir og gefur út leyfi til skilnaðar að borði og sæng, sbr. 43. gr., 1. mgr. 95. gr. og, sbr. 125. gr. hjl.

Raunin er sú, að þótt að fjárskipti séu ójöfn þarf ekkert að vera athugavert við það. Aðilar geta hafa samið sérstaklega um málalok sín á milli með vissa misskiptingu í huga sem á upptök í margvíslegum málamiðlunum og geta aðilar vísvitandi hafa ákveðið að þannig ætti samningurinn að vera í ljósi samningsfrelsis. Samningur getur hafa tekið mið af umönnun barna og framtíð þeirra og að sama skapi geta breytingar í þessum eignum leitt til þess, að skoða þarf samning aðila upp á nýtt.⁶⁵

⁶³ Ármann Snævarr: *Hjúskapar- og sambúðarréttur*, bls. 547 og 847-849.

⁶⁴ Ármann Snævarr: *Hjúskapar- og sambúðarréttur*, bls. 839.

⁶⁵ Ármann Snævarr: *Hjúskapar- og sambúðarréttur*, bls. 849.

Í *Hrd.* 1985, bls. 832 (192/1983) hagaði þannig til að M vildi hnekkja skilnaðarsamningi sem fól í sér að K fékk í raun allar eignir í sinn hlut. M taldi samninginn bersýnilega ósanngjarnan hlutlægst séð. Í niðurstöðu héraðsdóms sem staðfestur var af Hæstarétti kemur eftirfarandi fram:

Ekki verður á þá skoðun stefnanda fallistað fái annað hjóna við búskipti vegna skilnaðar meiri eða mikinn hluta eigna bús í sinn hlut, þá skuli samningur lýstur óskuldbindandi, ef þess er krafist. Enda yrði þá lítið úr því samningsfrelsi, sem lög veita hjónum við skilnað.....þykir því bera að taka afstöðu til samningsins sjálfs, aðdraganda og gerð hans og annarra atvika málsins.

Hæstiréttur benti á að er samningur var gerður, hefði M sem var fyrrverandi formaður launaráðs BHM, ekki verið neyddur til að gera samninginn og að honum hefði ennfremur verið ljóst að skipti samkvæmt samningnum væru óeðlileg. K hefði ekki notið framfærslueyris eftir að leyfi fékkst til skilnaður að borði og sæng og hefði hún forsjá barna og kæmi því í hennar hlut að ala önn fyrir þeim á heimili sínu. Þóttu ekki skilyrði fyrir hendi að lýsa samning óskuldbindandi.

Við heildarmat á fjárskiptasamningi þarf einnig að hafa í huga að samningur sem þessi er oft gerður þegar fólk er í andlegu ójafnvægi sökum róts í tilfinningalífi og þeirrar upplausnar heimilis sem framundan er. Það sem umfram allt þarf að leiða í ljós er hvort bæði hjónin hafi gert sér grein fyrir þeim málalokum sem samningurinn kveður á um fyrir hvort þeirra, á þeim tímapunkti sem samningurinn var gerður, sbr. orðalag ákvæðisins: „.....á þeim tíma er til hans var stofnað.“⁶⁶

Í *Hrd.* 1997, bls. 2429 (466/1996) sem áður var getið, var krafist ógildingar skilnaðarsamnings þar sem verulega hallaði á K. Í skilnaðarsamningi þeirra hjóna var jörð sem metin var á tæplega 6.000.000 kr. Hálfu ári eftir lögskilnað hafði jörðin verið seld á 11.000.000 kr. K hafði eignast 5 börn með manni sínum, eitt fatlað, en tvö höfðu dáið vöggudauða. Hún hafði lent í bílslysi, fengið taugaáfall, og verið illa haldin af þunglyndi á skilnaðartímanum. Leit Hæstiréttur til allra aðstæðna við samningsgerð og segir m.a. í niðurstöðu dóms: „...að heilsu K hafi verið þannig farið, að hún hafi ekki verið fær um að gæta hagsmuna sinna með eðlilegum hætti, en hún naut ekki aðstoðar við gerð samningsins....Þykir ljóst, að samningur aðila um fjárskipti var ekki gerður við eðlilegar aðstæður.“

⁶⁶ Ármann Snævarr: *Hjúskapar- og sambúðarréttur*, bls. 547.

5.6 Hegðun eftir sammingsgerð

Viðtaka fjár eftir samkomulag um fjárskipti getur leitt til þess að samningur teljist vera kominn á og bindi viðtakanda.⁶⁷ Af dómaframkvæmd má ráða að athugasemdalaus viðtaka fjár hefur í öllum tilfellum mikið vægi við mat á skuldbindingargildi sammings.

Í *Hrd. 2006, bls. 5339 (316/2006)* var ekki fallist á ógildingu fjárskiptasammings þar sem m.a. var að finna ákvæði í skilnaðarsamningi aðilanna, þar sem tekið var fram, að J sætti sig við að skipting eigna væri ekki í samræmi við helmingaskiptareglu hjl. Í niðurstöðu Hæstaréttar segir:

Með vísan til framangreinds ákvæðis í samningi, framburðar áfrýjanda um að hún hafi gert sér grein fyrir þýðingu þess og þess langa tíma sem leið þar til áfrýjandi hófst handa við málsókn sína, verður ekki fallist á með henni að skilyrði séu til að víkja sammingskuldbindingum hennar til hliðar.

Í *Hrd. 1983, 89 (50/1981)* var krafist ógildingar á fjárskiptum. Kvað stefnandi að á sig hallaði við skiptin og að hún hefði ekki fengið neinar upplýsingar um eignir búins. Hélt hún því fram að maðurinn hefði lagt einhliða mat á eignir og skuldir þess og ekki talið allar eignir fram. Ennfremur væri ekki staðfest að allar skuldir væru raunverulegar. Hún hefði verið ófær um að gera sér grein fyrir efnahag búins og þýðingu skiptanna sökum fáfræði og vanþroska og að þetta hefði maðurinn notfært sér. Hún viðurkenndi þó að hafa leitað til lögmanns um aðstoð og að hafa veitt honum heimild til að undirrita samþykki um lögskilnað. En þó að hún kannaðist við að hafa fengið greiddar 1.000.000 kr. fyrir milligöngu lögmannsins neitaði hún að hafa veitt honum heimild til að ganga frá samningi um eignaskipti. Í dómi Hæstaréttar segir: „.....Áfrýjandi hefur sýnt með eftirfarandi athöfnum sínum, að hún hefur talið, að samkomulag um fjárskipti hafi komist á, en hún tók athugasemdalaust við greiðslu á 1 milljón kr. samkvæmt samkomulaginu. Samkomulagið er því bindandi fyrir áfrýjanda.“

Um þennan dóm bendir Ármann Snævarr á, að viðtaka fjár firrti ekki K, sem var móttakandi, rétti til að fá úr því leyst með dómi, hvort samningur væri bersýnilega ósanngjarn, eins og hún hélt fram. En viðtaka án athugasemda getur þó valdið þessu.⁶⁸

⁶⁷ Ármann Snævarr: *Hjúskapar- og sambúðarréttur*, bls. 851.

⁶⁸ Ármann Snævarr: *Hjúskapar- og sambúðarréttur*, bls. 851.

6. Málshöfðunarfrestur og meðferð mála fyrir dómi

6.1 Málshöfðunarfrestur

Ef höfða á mál til ógildingar á grundvelli 2. mgr. 95. gr. hjl. þá verður að gjöra svo: „...innan árs frá fullnaðardómi til skilnaðar eða frá útgáfu leyfisbréfs til skilnaðar. Hæstiréttur hefur túlkað ákvæðið þannig að átt sé við eitt ár frá útgáfu leyfis til skilnaðar að borði og sæng, hafi skilnaður að borði og sæng verið fenginn áður en lögskilnaðar var leitað. Byggist þetta á 43. gr. hjl. sem áskilur að hjón komi sér saman um skilnaðarkjör áður en leyfi til skilnaðar og borð og sæng er gefið út. Er ákvæðið um málshöfðunarfrest því fortakslaust.

Í *Hrd. 1984, bls. 1085 (10/1983)* höfðu aðilar gert samkomulag um fjárskipti í janúar 1979. Var mál höfðað til ógildingar í febrúar 1982. Niðurstaða dóms var að málshöfðunarfrestur samkvæmt 2. mgr. 54. gr. hjl. 60/1972, (sbr. nú 2. mgr. 95. gr. hjl.) væri liðinn.⁶⁹

Í *Hrd. 2006, bls. 5339 (316/2006)* var farið fram á ógildingu fjárskiptasamnings sem staðfestur hafði verið 16. desember 1998. Fyrir dómi var málið þingfest 25. maí 2005. Í niðurstöðu héraðsdóms sem staðfestur var í Hæstarétti segir: „...Málsaðilar undirrituðu samning sinn um skilnaðarkjör þann 16. desember 1998...þann dag byrjaði því eins árs frestur til höfðunar máls samkvæmt 2. mgr. 95. gr. laga nr. 31/1993 að líða og var fresturinn því löngu liðinn er stefnandi höfðaði mál þetta.“

6.2 Málsástæður ógildingar fyrir dómi

Samkvæmt 117. gr. hjl. skulu: „*Hjúskaparmál sæta meðferð einkamála nema um frávík sé mælt í lögum.*“ Í riti sínu Hjúskapar- og sambúðarréttur bendir Ármann Snævarr á: „...að sjálfsögðu verða málflutningur, kröfugerð, málsástæður og greinargerðir að vera glöggar í málum sem þessum.“⁷⁰ Ef þessa er ekki gætt getur niðurstaða dóma verið háð þessum ágöllum. Í þessu sambandi er vert að nefna eina af mikilvægari meginreglum einkamálaréttarfars um afdráttarlausu meðferð máls, svokallaða útilokunarregluna⁷¹ sem beinist fyrst og fremst að því að takmarka að aðilarnir dragi ný atriði inn í mál á seinni stigum þess, enda þykir nauðsynlegt, að við rekstur

⁶⁹ Í niðurstöðu héraðsdóms sem staðfestur var í Hæstarétti segir: „Frestur til höfðunar máls þessa samkvæmt 1. mgr. 54. gr. laga nr. 60/1972 byrjaði að líða frá útgáfu leyfis til skilnaðar að borði og sæng hinn 15. janúar 1979 og var því löngu liðinn sá eins árs málshöfðunarfrestur, sem greinir í 2. mgr. 54. gr. laga nr. 60/1972, er stefnandi höfðaði mál þetta.“

⁷⁰ Ármann Snævarr: *Hjúskapar- og sambúðarréttur*, bls. 841.

⁷¹ Stundum einnig nefnd „eventualreglan“ að erlendri fyrirmynd og er tvímælalaust ein mikilvægasta grundvallarreglan, sem lög nr. 91/1991 um meðferð einkamála, byggja á. Markús Sigurbjörnsson: *Einkamálaréttarfar*, bls. 17-18.

dómsmáls liggi sem fyrst og skýrast fyrir hvert deiluefnið sé.⁷² Útilokunarreglan hefur einnig áhrif á meðferð máls fyrir æðra dómi en samkvæmt 2. mgr. 163. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála er að meginreglu bannað við meðferð máls fyrir Hæstarétti að gera nýjar kröfur eða bera fram nýjar málsástæður frá því, sem gert var í héraði. Tilgangurinn með reglunni er að girða fyrir að grundvelli máls verði raskað á málskotsstigi. Er þannig gert ráð fyrir að Hæstiréttur endurskoði úrlausn héraðsdóms á sömu forsendum og málið var dæmt þar.⁷³

Eftirfarandi dómar Hæstaréttar eru dæmi um niðurstöður í málum sem háðar voru þeim annmörkum að málsástæður voru annað hvort vanreifaðar eða komu ekki til álita fyrir Hæstarétti, sbr. útilokunarregluna.

Í *Hrd. 2000, bls. 3526 (135/2000)* deildu aðilar um gildi viðbótarsamnings sem þeir höfðu gert sín á milli og fjallaði um uppgreiðslu barnameðlaga. Viðbótarsamningurinn var aldrei staðfestur hjá sýslumanni, sbr. 1. mgr. 43. gr. hjl. Kvað samningur þeirra á um, að foreldrið sem færi með forsjá barnanna leysti til sín tilteknar eignir við fjárlit og með því teldist meðlag með börnum þeirra greitt að fullu til 18 ára aldurs. Átti ekki að innheimta meðlag fyrir milligöngu opinberra aðila eins og lög gera ráð fyrir og eins og ákveðið var í staðfestum samningi þeirra um skilnaðarkjör. Sex árum síðar leitaði forsjárforeldrið til Tryggingarstofnunar ríkisins vegna greiðslu meðlags og hófust greiðslur þess uppfrá þeim tíma. Fyrir Hæstarétti krafðist sóknaraðili ógildingar á staðfestum skilnaðarkjörum sem og viðbótasamningi þeirra hjóna og viðurkenningu á endurgreiðslu frá gagnáfrýjanda, að því marki að hann yrði eins settur og að búi þeirra hjóna hefði verið skipt samkvæmt helmingarskiptareglunni. Samkvæmt þessu voru kröfur sóknaraðila í andstöðu hvor við aðra. Í fyrsta lagi krafðist hann að samningar þeirra hjóna væru ógildir, en í öðru lagi að hann fengi greiðslur eins og að samningar þeirra væru gildir þ.e. eftir helmingarskiptareglunni. Taldi Hæstiréttur að hér gætti slíks misræmis að efnisdómur yrði ekki felldur um kröfur sóknaraðila.

Í *Hrd. 13. mars 2008 (384/2007)* var því haldið fram að vankunnátta á helmingaskiptareglu hefði valdið því að aðili hefði staðfest fjárskiptasamning sem væri bersýnilega ósanngjarn. Meiri

⁷² Stefnandi dómsmáls verður samkvæmt 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála að setja fram í stefnu málsástæður sínar og frásögn af atvikum að baki málinu svo að stefndi geti tekið afstöðu til málsástæðna stefnandans með því að mótmæla þeim eða fallast á þær, sbr. 2. mgr. 99. gr. einkamálalaga, en eftir þetta getur aðili að meginreglu ekki komið að nýjum málsástæðum eða mótmælum nema með samþykki gagnaðila, sbr. 5. mgr. 101. gr. einkamálalaga.

⁷³ Markús Sigurbjörnsson: *Einkamálaréttarfar*, bls. 18. Markús bendir þó á að reglan sé að vísu undanþæg, samkvæmt orðanna hljóðan.

hluti Hæstaréttar taldi að vankunnáttan ein og sér gæti ekki skipt máli við mat á því hvort skilyrði 2. mgr. 95. gr. hjl. Í forsendum fyrir niðurstöðu dóms benti meiri hluti Hæstiréttar á að samkvæmt 1. mgr. 95. gr. hjl. væri að finna formkröfur um fjárskiptasamninga vegna skilnaðar og að mælt væri fyrir um leiðbeiningarskyldu sýslumanns að leiðbeina aðilum um réttindi þeirra og skyldur. Krafa um ógildingu fyrir héraðsdómi, hefði hins vegar ekki verið byggð á þeirri málsástæðu að aðila hefði ekki verið leiðbeint um réttindi og skyldur hjá sýslumanni, heldur hefði verið byggt á því að aðila hafi ekki verið kunnugt um reglu 103. gr. hjl. um helmingaskipti milli hjóna vegna skilnaðar. Var því hvorki talið að sýnt hefði verið fram á að samningur aðila hefði verið bersýnilega ósanngjarn á þeim tíma sem til hans var stofnað, né að formkröfum laga um samningsgerð hefði ekki verið fylgt.⁷⁴

6.3 Sönnun og sönnunarbyrði

Samkvæmt dómvenju ber sá sem heldur fram kröfu í dómsmáli *sönnunarbyrði*⁷⁵ fyrir því að skilyrðum laga sé fullnægt. Sá sem heldur því fram að fjárskiptasamningur sé bersýnilega ósanngjarn þarf því að sanna það. Það reynist oft æði erfitt þar sem hjónum er frjálst að semja um þessi mál sín á milli.

Í *Hrd. 21. febrúar 2008 (223/2007)* hélt sóknaraðili því fram að gagnaðili hefði beitt sig svikum við gerð fjárskiptasamnings þeirra á milli á grundvelli 30. gr. samnl. en tókst ekki að færa sönnur á það. Var því ekki fallist á þessa málsástæðu og henni hafnað fyrir dómi. Eins hélt sóknaraðili því fram að bersýnilegur munur hefði verið á því sem í kom í hlut hvors um sig en gögn þau sem lögð voru fyrir dóm nægðu ekki til að sýna fram á að skilyrði 31. gr. samnl. væru uppfyllt. Var því ógildingu hafnað.⁷⁶

Í *Hrd. 6. mars 2008 (165/2007)* var viðurkennt með dómi að ekki færi á milli mála að samningur aðila um fjárskipti fæli í sér verulegt frávik frá helmingaskiptareglu 103. gr. hjl. Ein af málsástæðum stefnanda fyrir því að samningur aðila væri ósanngjarn var að ekki hefðu allar eignir verið taldar fram við fjárskiptin. Þannig væri skráður á nafn stefnda hraðbátur sem keyptur var meðan á hjónabandinu stóð. Taldi stefnandi hugsanlega að fleiri eignir væru fyrir hendi sem hún ekki vissi um. Vísaði stefndi þessu á bug en af því er varðaði bátinn benti hann á að hann

⁷⁴ Dómurinn sýnir hve nauðsynlegt er að leggja deiluefnið fyrir dómstóla eins nákvæmt og skýrt og hægt er.

⁷⁵ Björn Þ. Guðmundsson: *Lögbókin þín*, bls. 453: „*Sönnunarbyrði merkir að aðili dómsmáls skuli bera hallann af því að tiltekin staðhæfing um staðreynd í dómsmáli teljist ekki sönnuð*“.

⁷⁶ Það skal ósagt látið hver niðurstaða dóms hefði verið ef rækilegra sönnunargagna hefði verið aflað.

væri samkvæmt undirritaðri yfirlýsingu séreign hans. Fyrir dómi voru fullyrðingar stefnanda taldar engu breyta um mat á því hvort samningur aðila væri ósanngjarn, þar sem hún hefði ekki varpað neinu ljósi á þetta eða andvirði þessara ótilgreindu eigna.

7. Norrænn réttur

7.1 Samanburður við íslenskan rétt

Íslensk sifjalöggjöf hefur mótast mjög samhliða norrænni löggjöf þar sem norrænt samstarf á þessu sviði hefur staðið um allanga hríð. Um fjármál hjóna hefur verið byggt á eignamynstri norrænu laganna og er talið mikilvægt að gætt sé sem mest samræmis.⁷⁷ Þess vegna eru meginstoðir norrænu laganna þær sömu og má nefna sem dæmi að í dönsku hjúskaparlögunum frá 1989 segir um jafnstöðu hjóna að þau skulu vera: „...hinanden til støtte og i fællesskab varetage familiens tarv“⁷⁸ en þetta orðalag er einnig að finna í 2. gr. hjl. þar sem segir að hjón skulu: „...styðja hvort annað og gæta sameiginlega hagsmuna heimilisins og fjölskyldu“. Þannig eru íslensk hjl. mjög lík þeim dönsku og fylgst er grant með þeim lagabreytingum sem verða í Danmörku.

Í ljósi hinnar ríku hefðar um norræna samvinnu er rétt að skoða hliðstæð ákvæði í norskum, sænskum og dönskum lögum er varða ógildingu fjárskiptasamnings vegna skilnaðar og bera þau saman við ákvæði 2. mgr. 95. gr. íslensku hjl.

Í 65. gr. norsku hjúskaparlaganna, Lov om ekteskap 1991 nr. 47, er kveðið á um að ógilda megi fjárskiptasamning að öllu eða hluta til ef hann leiði til óraunhæfrar niðurstöðu fyrir annan aðilann. Í stað þess að ógilda samninginn með öllu getur dómstóll ákveðið að aðila sem minna bar úr bótum við skiptin verði boðin tiltekin fjárhæð úr hendi hins aðilans.

Í sænskum hjúskaparlögum, Åkteskapsbalk (SFS 1987:230), eru ákvæði sem heimila leiðréttingu fjárskipta, ef skipti eru óraunhæf en er þá sérstaklega horft til lengd hjúskapar þegar það er metið.⁷⁹

Í 58. gr. dönsku hjúskaparlaganna 1989 er að finna ákvæði sem er næstum alveg sambærilegt við ákvæði 2. mgr. 95. gr. hjl. Ákvæðið hljóðar þannig:

⁷⁷ Alpt. 1992, A- deild, bls. 28-30.

⁷⁸ Ægteskabslov 2 – Lov om ægteskabets retsvirkninger, § 1.

⁷⁹ Åktenskapsbalk, 12 Kap. § 1 og 3.

§ 58. Har ægtefæller med henblik på separation eller skilsmisse truffet aftale om fordelingen af formuen, bidragspligten eller andre vilkår, kan aftalen ved dom ændres eller erklæres for uforbindende, såfremt den skønnes urimelig for den ene ægtefælle på tidspunktet for dens indgåelse.⁸⁰

Þegar borin eru saman ofangreind lagaákvæði má greina áherslumun á milli íslenska og norska ákvæðisins, þar sem í norska ákvæðinu er gefinn kostur á að rétta hlut aðila með fjárupphæð. Sænsku ákvæðin verður að telja frábrugðin því íslenska þar sem svo sérstök áhersla er lögð á lengd hjúskapar. Á hinn bóginn er danska ákvæðið hvað líkast ógildingarákvæði íslenskra hjl.

Eftirfarandi dómar varpa nokkru ljósi á danska dómaframkvæmd. En það sem vegur þungt við matið á ósanngirni er hvort leiðbeint hafi verið um gerð samningsins og hvort uppi voru viðkvæmar aðstæður við samningsgerð. Það sem einnig er leitað eftir er hvort maki hafi afsalað sér búshluta, þ.e. hvort honum hafi verið kunnugt um stærð búans og hafi reynslu af fjármálum og að lokum hve langur tími hefur liðið frá því að samningur stofnaðist.⁸¹

UfR 1979. 752 B: K flutti að heiman og tók saman við annan mann. Við brottför sína skrifaði hún undir yfirlýsingu um að sameiginleg húseign þeirra hjóna skyldi vera séreign M. Dómurinn sagði að K hefði, vegna tilfinningalegs álags, ekki gert sér grein fyrir afleiðingum þessarar ráðstöfunar. Eins hefði hana skort sérfræðiráðgjöf þegar til samningsins var stofnað. Var samningurinn felldur úr gildi samkv. 58 gr. D hjúskl.

UfR 1979. 794 V: Er hjónin ákváðu að skilja, gerðu þau samning um skipti þar sem K afsalaði sér stórum hluta af búi þeirra hjóna. K hafði fengið ítarlega ráðgjöf frá lögfræðingi, sem tók þátt í samningsgerðinni, og hún hafði fengið tækifæri til að fara yfir sína stöðu áður en hún skrifaði undir. Þrátt fyrir að dómurinn teldi að samningurinn væri ósanngjarn, var það ekki talið hafið yfir vafa að rétt væri að ógilda samninginn.

TFA⁸² 2008. 236 V: Hjónin fóru til lögfræðings sem gerði drög að samkomulagi um skiptingu eigna og M tók við m.a. helmingi af landareign sem á hvíldi veðskuld. En þessi skipan mál var hugmynd K. Verð á eigninni var hins vegar háð síðara mati. K kaus að taka við nettóeign upp á 770.000 Dkr. En þar sem K tókst ekki að sanna að hún hefði verið undir þrýstingi frá M, eða af

⁸⁰ Ægteskabslov 1 – Lov om ægteskabets retsvirkninger, § 58. Íslensk þýðing þess sem þetta ritar: Hafi hjón með tilliti til aðskilnaðar eða lögskilnaðar, gert samning um skiptingu eigna, framfærsluskyldu eða aðra skilmála, þá getur samningurinn, með dómi, verið lýstur óskuldbindandi eða honum verið breytt, svo fremi sem hann er álitinn ósanngjarnann fyrir annað hjóna á þeim tíma sem hann var gerður.

⁸¹ Linda Nielsen: *Familierettan*, bls. 258-259.

⁸² TFA stendur fyrir Tidsskrift for Familie- og Arveret. Íslensk þýðing: Dómar um fjölskyldu- og erfðarétt.

streitusökum hefði hún ekki hugsað rökrétt, og auk þess sem þau höfðu verið sammála um að leggja ekki mat á eignina að svo stöddu, voru engar vísbendingar um að M hefði vitað um nettóvirði eignarinnar. Var samningurinn ekki ógiltur á grundvelli 58. gr. hjúskl. né 36 gr. samnl.

Hið íslenska ógildingarákvæði er efnislega líkast danska ákvæðinu og ber dönsk dómaframkvæmd með sér að dómstólar líta til sömu viðmiða um gerð og efni fjárskiptasamninga milli hjóna sem og hvort aðilar hafi notið leiðsagnar eða aðstoðar við samningsgerð þegar til úrlausnar er hvort ógilda eigi fjárskiptasamning vegna skilnaðar.

8. Lokaorð

Við samningu þessarar ritgerðar hefur höfundur kynnt sér vel gildandi löggjöf um hjúskap og dómaframkvæmd Hæstaréttar í málum er varða ógildingu fjárskiptasamninga vegna skilnaðar. Var tilgangur ritgerðar að kanna til hvaða viðmiða Hæstiréttur liti þegar krafa um ógildingu fjárskiptasamnings væri lögð fyrir dóm á grundvelli 2. mgr. 95. gr. hjl. Til að leita svara við þeirri spurningu var stuðst við lögskýringargögn með ákvæðinu og viðhorf fræðimanna en dóma Hæstaréttar verður þó að telja vera þungamiðju þess sem veitt geta svör við þessu álitaefni.

Það er álit þess sem þetta ritar að að baki dómaframkvæmd megi greina vissa festu og stöðugleika um úrlausn ógildingarmála. Á hinn bóginn verður að telja að hvert mál hafi sína sérstöðu og því er að mörgu að hyggja bæði er varðar form og efni samnings, aðstöðu og aðdraganda við gerð samnings og atvika sem kunna eftir á, að leiða til þess að sýnt þykir að aðilar hafi litið svo á að um endanlegan samning þeirra á milli var að ræða. Til allra þessara viðmiða líta dómstólar við heildarmat á sanngirni, en eins og höfundur ritgerðar vísaði til í upphafi þá er ekki að finna neinar leiðbeiningar um mat á bersýnilegri ósanngirni í lögum. Svo má ekki gleyma að kröfugerð, málsástæður og rök verða að vera bornar fyrir dómstóla með mjög skýrum hætti, svo að ekki fari á milli mála hvaða málsástæður liggja að baki kröfugerð um ógildingu. Hér skal svo að lokum nefna að vegna meginreglunar um samningsfrelsi geta mál um ógildingu fjárskiptasamninga vegna skilnaðar sætt örðugleikum sökum sönnunar og í dómum Hæstaréttar má oft greina að þar standi orð á móti orði.

Sú vinna sem lögð hefur verið í ritgerð þessa hefur aukið á kunnáttu og skilning höfundar á umræddu efni sem og aukið almennt áhuga hennar á sviði sifjaréttar. Er höfundur viss um að þessi reynsla komi að góðum notum í framtíðinni. Ég vil þakka leiðbeinanda mínum Vilborgu Þ. Snævarr fyrir umsjón og gagnlegar ábendingar við gerð þessarar ritgerðar.

HEIMILDASKRÁ

Alþingistíðindi.

Ármann Snævarr: *Almenn lögfræði. Sérprentaðir kaflar.* Háskólafróðritun ehf. Reykjavík 2003.

Ármann Snævarr: *Hjúskapar- og sambúðarréttur.* Reykjavík 2008.

Björn Þ. Guðmundsson: *Lögbókin þín.* Bókaútgáfan Örn og Örlygur hf. Reykjavík 1989.

Davíð Þór Björgvinsson: „Ógilding skilnaðarsamninga skv. 54. gr. 1. 60/1972“. *Úlfljótur*, 2. tbl. 1989, bls. 177-189.

Dómsmála- og mannréttindaráðuneyti: „Ný málsmeðferð lögskilnaðarmála“. Sótt af <http://www.domsmalaraduneyti.is>, (skoðað 29. Nóvember 2010).

Lára V. Júlíusdóttir: *Hjúskapur. Stofnun og slit, réttindi og skyldur. Bráðabirgðaútgáfa til kennslu.* Úlfljótur – Reykjavík 2001.

Markús Sigurbjörnsson: *Einkamálaréttarfar. Gefið út sem handrit til kennslu við lagadeild Háskóla Íslands.* 2. útgáfa. Úlfljótur, Reykjavík 2003.

Nielsen Linda: *Familieretten.* Gjellerup/Gads Forlag. Kaupmannahöfn 2009.

Ólafur Jóhannesson: *Lög og réttur.* 4. útgáfa. Reykjavík 1985.

Páll Sigurðsson: *Samningaréttur.* 4. prentun. Bókaútgáfan CODEX, Reykjavík 2004.

Róbert R. Spanó: *Túlkun lagaákvæða.* Codex, Reykjavík 2007.

Sigrún Jóhannesdóttir: *Fyrirlestrar um fjármálaskipulag í hjúskap, staðfestri samvist og óvígðri sambúð.* Bráðabirgðaútgáfa til kennslu. Úlfljótur, Reykjavík 1999.

Sigurður Líndal: *Um lög og lögfræði. Grundvöllur laga – réttarheimildir.* Reykjavík 2002.

Sýslumaðurinn í Reykjavík: „Skilnaður að borði og sæng“. Sótt af <http://www.syslumadur.is>, (skoðað 29. nóvember 2010).

DÓMASKRÁ

Dómar Hæstaréttar:

Hrd. 1983, 89 (50/1981)
Hrd. 1984, bls. 1085 (10/1983)
Hrd. 1985, bls. 832 (192/1983)
Hrd. 1987, 724 (151/1987)
Hrd. 1988, bls. 474 (34/1987)
Hrd. 1997, bls. 2429 (466/1996)
Hrd. 1998, bls. 4022 (91/1998)
Hrd. 1999, 1231 (419/1998)
Hrd. 2000, bls. 691 (370/1999)
Hrd. 2000, bls. 3526 (135/2000)
Hrd. 2002, bls. 3221 (106/2002)
Hrd. 2006, bls. 5186 (579/2006)
Hrd. 2006, bls. 5339 (316/2006)
Hrd. 20. desember 2007 (251/2007)
Hrd. 21. febrúar 2008 (223/2007)
Hrd. 6. mars 2008 (165/2007)
Hrd. 13. mars 2008 (384/2007)
Hrd. 16. október 2008 (46/2008)
Hrd. 26. febrúar 2009 (369/2008)
Hrd. 20. apríl 2010 (175/2010)

Danskir dómar:

UfR 1979. 752 B
UfR 1979. 794 V
TFA 2008. 236 V

